

FÉLAGSMIÐSTÖÐIN HÓLMASEL - MAT Á FRÍSTUNDASTARFI



Júní 2016

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Ritun skýrslu:

Hulda Valdís Valdimarsdóttir
Sigrún Harpa Magnúsdóttir, ritstjóri
Sigrún Sveinbjörnsdóttir

Inngangur	4
Félagsmiðstöðin HÓLMASEL	4
Greining	5
Stjórnun	5
Frístundastarf.....	7
Mannauður	8
Staðarbragur	9
Innra mat	10

INNGANGUR

Í skýrslu þessari er greint frá niðurstöðum ytra mats í Hólmaseli sem fór fram í mars 2016. Matið var framkvæmt af starfsfólki skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.

Meginstef ytra mats á frístundastarfi er það sama og á öðrum stofnunum skóla- og frístundasviðs, að matið sé leiðbeinandi, framfara- og umbótamiðað og stuðli að betra skóla- og frístundastarfi.

Leiðarljós matsins er það sama og sviðsins í heild; að börnum og ungmennum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og þau öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.

Til grundvallar matinu eru viðmið um gæði á fimm sviðum frístundastarfs:

- I. Stjórnun
- II. Frístundastarf
- III. Mannauður
- IV. Staðarbragur
- V. Innra mat

Með því að hafa skýr viðmið er leitast við að tryggja, að svo miklu leyti sem slíkt er unnt, að allar félagsmiðstöðvar fái sambærilegt ytra mat. Einnig er gert ráð fyrir að viðmiðin og önnur matsgögn nýtist frístundamiðstöðvum við innra mat.

Matið fór fram 14.-18. mars 2016. Það byggir á niðurstöðum viðtala og rýnihópa starfsfólks, foreldra og barna/unglinga, vettvangsathugunum og skriflegum gögnum frá félagsmiðstöðinni. Auk skýrsluhöfunda tók Sigurbjörg Kristjánsdóttir þátt í matinu.

Félagsmiðstöðin Hólmasel hefur verið starfrækt í Hólmaseli 4-6 frá árinu 1992. Hólmasel þjónustar börn á aldrinum 10-16 ára í Öldusels- og Seljaskóla.

FÉLAGSMIÐSTÖÐIN HÓLMASEL

Hólmasel er félagsmiðstöð fyrir börn og unglunga frá 10-16 ára í Öldusels- og Seljaskóla í Breiðholti. Félagsmiðstöðin er staðsett að Hólmaseli 4-6, 109 Reykjavík og er starfrækt af Frístundamiðstöðinni Miðbergi. Hólmasel býður upp á frístundastarf alla virka daga vikunnar nema fimmtudaga fyrir unglunga í 8.-10. bekk, einu sinni í viku fyrir börn í 5. og 6. bekk og einu sinni í viku fyrir börn í 7. bekk.

Á heimasíðu Hólmasels kemur m.a. fram að markmið félagsmiðstöðvarinnar sé að veita börnum og ungmennum innihaldsríka þjónustu í frítíma þeirra. Lögð er sérstök áhersla á forvarnarstarf, stuðlað að jákvæðum félagsþroska og að starfsemin standi öllum til boða.

Forstöðumaður Hólmasels er Kristín G. Jónsdóttir og aðstoðarforstöðumaður er Kári Sigurðsson.

GREINING

Styrkleikar:

Stjórnendur eru reyndir og hafa metnað fyrir faglegu og góðu starfi. Mikil jákvæðni ríkir gagnvart stjórnendum og samskiptum við þá meðal starfsfólks, barna, unglunga og foreldra. Starfshópurinn vinnur vel saman og starfsfólki líður vel í starfi. Upplifun barna/unglinga af starfinu er mjög góð, starfið er vel kynnt fyrir þeim og þeim líður vel í Hólmaseli. Dagskráin er vel kynnt foreldrum. Fyrirkomulag dagskrárgerðar og virkrar aðkomu allra áhugasamra unglunga að henni og hlutdeild í verkefnum er til fyrirmyndar. Sérstaklega vel er tekið á mótí börnum og unglungum þegar þeir koma í Hólmasel og þeir kvaddir við brottför. Andrúmslofið er jákvætt og gott og umburðarlyndi er ríkjandi.

Tækifæri: Gera ætti aðgerðaráætlun fyrir félagsmiðstöðina Hólmasel með aðkomu hagsmunaaðila, út frá stefnu og starfsáætlun Miðbergs. Uppfæra ætti rýmingaráætlun, gera reglulega rýmingaræfingar með börnum/unglingum og starfsmönnum, kynna áætlun gegn einelti og kynna og innleiða áætlun Miðbergs um jafnrétti. Tækifæri liggja í því að efla ígrundun starfsmanna á starfinu enn markvissari hátt eftir hverja vakt og huga ætti að því að efla samstarf við grunnskólana enn frekar t.d. með því að forstöðumaður sitji nemendaverndarráðsfundi þegar við á. Þróa ætti lýðræðisvinnu með börnum í 5.-7. bekk eins og verið er að gera er með unglungum og huga ætti að því að efla klúbbastarf hjá börnum/unglingum. Innleiða þarf innra mat með formlegum hætti með þátttöku allra hagsmunaaðila.

Niðurstöður – yfirlit:

Myndin sýnir meðaltalsútkomu í hverjum undirkafla skýrslunnar þar sem dökkgrænt sýnir mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf, ljósgrænt gott verklag flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi, gult þýðir að einhverjir mikilvægir þættir þarfnast úrbóta og rautt að verklag er óviðunandi og uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

Stjórnun	Frístundastarf	Mannauður	Staðarbragur
Forstöðumaðurinn sem leiðtogi	Skipulag starfs og starfsaðstæður	Fagmennska starfsfólks	Viðmót og menning
Stjórnun stofnunar	Uppeldi og menntun	Starfsánægja	Velferð og líðan barna
Verklagsreglur og áætlanir	Starfshættir og viðfangsefni		Foreldrasamstarf
Faglegt samstarf	Virk þátttaka og lýðræði		
Þróun og nýbreytni	Mannréttindi og margbreytileiki		

STJÓRNUN

Það sem vel er gert:

- Stjórnendur eru reynslumiklir og hafa mjög skýra sýn um starfið
- Mikil jákvæðni ríkir gagnvart stjórnendum og samskiptum við þá hjá unglingum, starfsfólki og foreldrum.
- Starfsfólks treystir leiðsögn stjórnenda í starfinu og lítur upp til þeirra sem fagmanna.
- Vel er haldið utan um daglega starfsemi og ábyrgð.
- Samstarf við frístundamiðstöðina Miðberg er gott.
- Samstarf innan starfsmannahópsins er gott og traust ríkir meðal þeirra. .
- Hugmyndum starfsfólks er vel tekið og stjórnendur veita stuðning til að framkvæma þær.
- Upplýsingagjöf til starfsfólks, barna,unglinga og foreldra er góð.
- Til fyrirmyndar eru lýðræðisleg vinnubrögð með börnum/unglingum við mótun á dagskrá.
- Stjórnendur hafa leitað markvisst eftir hugmyndum unglunga og foreldra, m.a. með rafrænum könnunum
- Samstarf er gott við skólana í hverfinu.
- Unnið er að þróunarverkefnum, s.s. strákaklúbbur fyrir drengi sem hafa einangrað sig í tölvum.
- Fræðsluáætlun Miðbergs fyrir unglingastarfið er fjölbreytt og áhugaverð og nýtist starfsfólki vel.
- Starfsþróunasamtöl eru regluleg. .

Tækifæri til umbóta:

- Gera ætti aðgerðaráætlun fyrir félagsmiðstöðina Hólmasel með aðkomu hagsmunaaðila, út frá stefnu og starfsáætlun Miðbergs og birta opinberlega, s.s. á heimasíðu.
- Uppfæra/vinna og kynna áætlanir fyrir starfsmönnum, s.s. rýmingaráætlun, áætlun gegn einelti og öryggisferla.
- Birta móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn á heimasíðu.
- Rýmingaráætlun þarf að gera reglulega með börnum og starfsfólki.
- Vinna þarf eftir móttökuáætlun SFS vegna barna með íslensku sem annað tungumál. Sjá: http://innri.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-350/774_view-2143/.
- Kynna og innleiða jafnréttisáætlun Miðbergs í Hólmaseli.
- Stofna ætti formlegt barnaráð/miðstigsráð til að leita markvisst eftir sjónarmiðum þess aldurshóps.
- Gagnlegt væri að starfsmenn ígrundi enn markvissar eftir hverja vakt.
- Tækifæri liggja í að fara af stað með fleiri þróunarverkefni og/eða klúbbastarf.

Það sem vel er gert:

- Starfsfólk er meðvitað um hlutverk sitt sem fyrirmyndir og tekur virkan og leiðbeinandi þátt í umræðum um málefni sem hæst ber í hópnum hverju sinni.
- Starfsfólk er virkt í starfi með börnum og unglingum.
- Samkennd og umburðarlyndi var áberandi í starfinu og endurspegladist í vettvangsheimsóknum.
- Góð og uppbyggileg tengsl við barna- og unglingahópinn skein í gegn í vettvangsheimsóknum.
- Fyrirkomulag dagskrárgerðar og virkrar aðkomu allra áhugasamra unglunga að dagskrárgerðinni er til eftirbreytni.
- Boðið er upp á fjölbreytt viðfangsefni í starfinu þar sem komið er til móts við ólíkar þarfir og óskir barna og unglunga.
- Unglingar og börn taka ábyrgð á einstaka verkefnum í félagsmiðstöðinni, s.s. að skipuleggja og framkvæma viðburði fyrir sjálfa sig og aðra.
- Opnunartími er mjög rúmur fyrir unglinga og ætti að geta komið til móts við ólíkar þarfir hvað það varðar.
- Börn og unglingar eru boðin velkomin í félagsmiðstöðina á eigin forsendum.
- Húsnæðið er í góðu ásigkomulagi og hentar starfseminni vel.

Tækifæri til umbóta:

- Það mætti uppfæra heimasíðuna, en þar er að finna mikið af úreltum upplýsingum.
- Útisvæði við félagsmiðstöðina mætti snyrta og laga.
- Skapandi starf var ekki áberandi í vettvangsheimsóknum og þar liggja sóknarfæri.
- Sóknarfæri liggja í að efla klúbba- og hópstarfi í félagsmiðstöðinni
- Vinna mætti markvissar í að greina stöðu hópa og/eða einstaklinga í þeim reglulega (s.s. með tengslakönnunum).
- Forma mætti betur lýðræðisvinnu með 10-12 ára börnum.
- Tækifæri liggja í því að vinna einstaklingsáætlanir fyrir þau börn og unglinga sem þurfa stuðning og vinna eftir móttökuáætlun um móttöku barna af erlendum uppruna.
- Vinna mætti markvissar með fjölmenningu og margbreytileika þannig að það endurspeglar bæði í aðgerðaáætlun og starfi.

Það sem vel er gert:

- Jákvæð samskipti og virk hlustun eru áberandi í samskiptum starfsfólks við börn/unglinga.
- Starfsfólk sýnir börnum/unglingum virðingu og umhyggju.
- Starfsfólk tekur virkan þátt í því sem börnin velja sér að gera í starfinu
- Starfsfólk er ánægt í starfi og líður vel í vinnunni.
- Starfsfólk er stolt af starfi sínu og finnst það geta haft áhrif á það.
- Starfsandinn er góður og starfsfólk er ánægt með samskiptin innan hópsins.
- Starfsfólk er hvatt til að koma með hugmyndir og nýta áhugasvið sín og styrkleika í starfinu.
- Starfsfólk er ánægt með starfsumhverfið, vinnuaðstöðu og upplýsingaflæði.

Tækifæri til umbóta:

- Starfsfólk þyrfti að kynna sér betur gögn sem liggja til grundvallar í starfinu eins og Starfsskrá frístundamiðstöðva SFS, æskulýðslög, barnalög, Barnasáttmálann og siðareglur.
- Stjórnendur gætu aukið ábyrgð starfsmanna enn frekar með því að fela starfsmönnum umsjón með ákveðnum verkefnum.
- Í rýnihópi starfsmanna kom fram ósk um að hafa hljómsveitaraðstöðu og magnara í félagsmiðstöðinni.
- Móta leiðir til að meta hvort verið sé að ná markmiðum starfsins, s.s. með enn markvissari ígrundun starfsfólks við lok hvernar vaktar.

Það sem vel er gert:

- Samskipti í Hólmaseli einkennast af jákvæðni, umburðarlyndi og virðingu.
- Virðing er borin fyrir fjölbreytileika og ólíkum bakgrunni einstaklinga.
- Unnið er út frá lýðræði í starfi og bera unglingar ábyrgð á verkefnum/viðburðum.
- Ánægja, sanngirni og traust einkennir samvinnu alls starfsmannahópsins.
- Tillit er tekið til ólíkra sjónarmiða og stjórnendur taka vel í hugmyndir starfsfólks
- Börnum og unglimum líður vel í Hólmaseli og þau eru ánægð þar.
- Starfsfólk veitir börnunum athygli og börn og unglingar eiga greiðan aðgang að þeim.
- Gott upplýsingaflæðið er frá félagsmiðstöðinni og dagskrá hennar vel kynnt.
- Ánægja er í foreldrahópnum með samskipti og viðmót.
- Aðgengi að forstöðumönnum er gott.
- Foreldrum finnst starfið hafa jákvæð félagsleg áhrif á börn/unglinga.

Tækifæri til umbóta:

- Kynna mætti gildi frístundamiðstöðvarinnar enn betur fyrir starfsfólki.
- Kynna ætti reglur Hólmasels fyrir starfsmönnum og börnum/unglingum
- Sóknarfæri liggja í því að bjóða foreldrum uppá viðtöl með formlegum hætti.

INNRA MAT

Engar athugasemdir eru gerðar við þennan matsþátt og hvorki dregið fram það sem vel er gert né það sem betur má fara þar sem innra mat hefur ekki ennþá verið innleitt með formlegum hætti í félagsmiðstöðina.